

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 1995

Nr. 446

1128

16. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA og IIIB, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg.
<i>Úr tollkafla 6:</i>					
0601.2002	Blómst.pottapl. undir 1m	17.08.-31.10	2.000	30	
0604.9101	Jólatré, án rótar	17.08.-31.12	ótilgr.	30	
0604.9102	Jólatrésgreinar	17.08.-31.12	ótilgr.	30	
0604.9109	Annað	17.08.-31.10	ótilgr.	30	
0604.9900	Annars	17.08.-31.10	ótilgr.	30	
<i>Úr tollkafla 7:</i>					
0703.9000	Blaðlaukur	17.08.-31.08	ótilgr.	15	114
0705.1112	Jöklasalat	17.08.-31.10	ótilgr.	30	

Við innflutning sem fellur undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990 að því er varðar vörur úr tollkafla 6.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. ágúst 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.